

146. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

6. 12. 2023 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Lilja Jóhannesdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Ingunn Jónsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Sindri Örn Elvarsson, Gunnar Þór Jóhannesson, Bjarni Guðmundsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Kristín Vala Þrástardóttir, Huld Haflíðadóttir og Bridget E. Burger voru gestir á fundinum undir fyrsta lið.

Fjarverandi: Lind Völundardóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Eyrún Helga Ævarsdóttir og Kristján Sigurður Guðnason.

STEM á Íslandi

Huld og Bridget kynntu verkefnið STEM á Íslandi og STEM Húsavík. Umræður sköpuðust um möguleika Hornafjarðar til þátttöku í STEM Ísland. Ákveðið var að fulltrúar stjórnar haldi áfram samtali við verkefnastjóra STEM Ísland á nýju ári og skoði nánar mögulega aðkomu að verkefninu.

Starfsáætlun 2024

Hugrún Harpa fór yfir starfsáætlun komandi árs og greindi frá stöðu helstu verkefna sem unnið var að á líðandi ári. Starf ársins hefur gengið vel og tekist að vinna að flestum verkefnum ársins 2023.

Verkefni komandi árs eru fjölbreytt og sum hver umfangsmikil, í því samhengi var rætt um þörf setursins fyrir aukinn mannauð. Stjórn samþykkir starfsáætlun og felur forstöðumanni að skoða nánar þann möguleika að ráða í tímabundið hlutastarf á komandi ári.

Rekstraráætlun 2024

Hugrún Harpa fór yfir drög að rekstraráætlun fyrir komandi ár. Fjallað var um tvær ólíkar áætlunar þar sem önnur gerir ráð yfir óbreyttum fjölda stöðugilda en hin miðar við ráðningu þriðja starfsmanns í 75% stöðugildi verkefnastjóra. Fjallað var um einstaka liði rekstraráætlunar og forstöðumanni falið að ljúka við gerð rekstraráætlunar þar sem gert er ráð yfir ráðningu þriðja starfsmanns. Áætlun verður tekin aftur til umfjöllunar á fyrsta fundi stjórnar á nýju ári.

Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið 9:55

Lilja Jóhannesdóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir